

## Fundargerð

Aðalfundur Golfklúbbs Mosfellsbæjar var haldinn fyrir milligöngu fjarfundabúnaðar, þann 9. desember 2021, kl. 20:00.

Dagskrá fundarins var á þessa leið:

1. Kosning fundarstjóra og fundaritarara.
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins
3. Áritaðir reikningar kynntir
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Kosning aganefndar og kjörnefndar
10. Önnur mál.

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður setti fundinn og gerði þá tillögu að Gunnar Jónatansson, yrði kjörinn fundarstjóri og Tómas Sigurðsson, fundarritari. Það var samþykkt og tóku þeir til starfa.

Fundarstjóri kannað lögmæti fundarins, en til hans var boðað með auglýsingu á heimasíðu félagsins þann 22. nóvember 2021 og á Facebook með tilskildum fyrirvara. Fundarstjóri kannaði hvort nokkur hefði athugasemd við boðun fundarins. Svo var ekki og úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan og var þá gengið til dagskrár.

Fundurinn var sóttur af 61 félögum, 30 komu í Klett og 31 tóku þátt um fjarfundabúnað.

### 2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins

Kári Tryggvason flutti skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á vegum félagsins. Skýrsluna má lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins.

### 3. Áritaðir reikningar kynntir

Auður Ósk Þórisdóttir, gjaldkeri klúbbsins, kynnti ársreikning Golfklúbbs Mosfellsbæjar fyrir rekstrarárið 1. október 2020 til 31. október 2021.

Auður fór yfir rekstrarreikning félagsins. Heildartekjur af aðalstarfsemi námu 283,6 m.kr. og tekjur af aukastarfsemi 8,9 m.kr. Heildartekjur námu samtals 292,5 m.kr. Rekstrargjöld á árinu námu 254,5

m.kr. og hagnaður af rekstri félagsins fyrir fjármagnsliði nam 38,1 m.kr. Fjármagnskostnaður nam 20,7 m.kr. á árinu. Þá færði félagið til tekna framlag frá Mosfellsbæ, að fjárhæð 13,5 m.kr. Hagnaður félagsins nam þannig 30,8 m.kr. borið saman við 39,8 m.kr. hagnað á fyrra ári.

Auður skýrði efnahagsreikning félagsins þann 31. október 2021. Eignir í lok tímabils námu 829,0 m.kr., skuldir námu 346,2 m.kr., þar af langtímaskuldir 318,9 m.kr. Eigið fé félagsins þann 31. október 2021 nam 482,8 m.kr.

Að lokum skýrði Auður helstu hreyfingar í sjóðstreymi félagsins. Þá sýndi Auður samanburð afkomu liðins rekstrarárs við fyrra rekstrarár á tólf mánaða grunni, sem leiddi í ljós mjög áþekka afkomu áranna.

#### **4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar**

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Eiríkur Þorvaldsson tók til máls og hrósaði stjórn fyrir jákvæða afkomu félagsins og að stjórnin skuli hafa sent ársreikninginn til félaga fyrir fundinn. Hann ræddi að hækkun tekna næmi um 25% frá fyrra ári – en afkoman væri þrátt fyrir það lakari þar sem launakostnaður hefði hækkað um 30%. Laun eru 53-54% af heildarútgjöldum. Þá vakti hans máls á því hvort félagið ætti að hægja á fjárfestingum og greiða niður skuldir. Enn skuldar félagið mikið. Langtímaskuldin er há og félagið greiddi 20 m.kr. í fjármagnsgjöld á fyrra ári. Auður Ósk, gjaldkeri félagsins, þakkaði ábendingarnar. Hún skýrði frá því að samanburður við fyrra ár væri skakkur, því að félagið bæri rekstrargjöld í 13 mánuði en nyti aðeins tekna í 12 mánuði. Að teknu tilliti til þess væri afkoma nýliðins rekstrarárs örlítið betri en fyrra árs.

- **Eftir umræður voru reikningarnir bornir undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða, án mótatkvæða.**

#### **5. Lagabreytingar**

Engar tillögur til lagabreytinga lágu fyrir fundinum.

#### **6. Rekstraráætlun komandi starfsárs kynnt**

Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri GM, fór yfir kynningu á samsetningu félagsmanna í GM og meðalforgjöf. Þá kynnti hann rekstraráætlun komandi rekstrarárs, þar sem gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 295 m.kr. Gert er ráð fyrir að rekstargjöld fyrir fjármagnsliði nemi 259,5 m. kr. fjármagnsgjöld verði 20 m. kr. sem leiði til 14,0 m. kr. hagnaðar.

Þá greindi Ágúst frá fyrirhuguðum fjárfestingum á vegum klúbbsins á næsta ári áætlað. Hann skýrði frá áformum um að setja upp svarta teiga sem ætlaðir kylfingum með hærri forgjöf.

Spurt var hvort til stæði að merkja teiga með lengdum í stað lita. Ekki veður ráðist í það fyrr en að loknu næsta sumri. Verður farið í að lagfæra teiga á gamla vellinum á Hlíðavelli samhliða þeim breytingum sem kynntar voru. Svartið við því er nei á þessu stigi. Ekki er talið rétt að ráðast í slíkar breytingar fyrr en ljóst er hvernig gamli völlumurinn verður til framtíðar.

Spurt var, í ljósi mikils fjölda háforgjafarkylfinga, hvort til stæði að halda námskeið fyrir byrjendur um hvernig bera skuli sig að á golfvellinum. Fram kom að það sé áformað.

## 7. Ákvörðun félagsgjalda

Ágúst Jensson, kynnti svohljóðandi tillögu stjórnar að félagsgjöldum félagsins:

Félagsaðild með fullri leikheimild	131.000 kr.
Félagsaðild með hálfri leikheimild	93.000 kr.
67 ára og eldri (Full leikheimild)	98.600 kr.
67 ára og eldri (Hálf leikheimild)	71.300 kr.
Ungmenni 12 ára og yngri	23.500 kr.
Ungmenni 13 - 18 ára	29.900 kr.
Ungmenni 19 - 26 ára	65.900 kr.

Æfingaboltar á æfingasvæði og einn tími í golfhermi verða innifalin í félagsgjöldum.

Sólveig Bachmann taldi hækkun félagsgjalda umfram þær verðhækkanir sem almennt tíðkist og að félagsgjöldin væru orðin nokkru hærri en hjá Golfklúbbi Reykjavíkur sem hefði ákveðið að kr. 120.000. hækkun

- **Tilboð um frítt árgjald fyrir börn foreldra sem bæði eru félagsmenn gildir áfram. Stjórn er heimilt að koma til móts við félagsmenn sem verða fyrir tekjufalli.**
- **Greidd voru atkvæði um tillöguna, sem fóru þannig að þorri félagsmanna greiddi tillögu stjórnar atkvæði sitt.**

## 8. Kosning stjórnar, formanns og tveggja skoðunarmanna

Formaður:

Kári Tryggvason var kosinn til eins árs.

Stjórnarmenn voru kjörnir til tveggja ára:

Siggeir Kolbeinsson

Guðjón Karl Þórisson

Írunn Ketilsdóttir

Varamenn, voru kjörnir til eins árs:

Einar Már Hjartarson

Arna Rún Kristjánsdóttir

Björn Óskar Guðjónsson

Linda Hafsteinsdóttir

Skoðunarmenn reikninga – voru kjörnir til eins árs:

Elín Rósa Guðmundsdóttir

Sigurður Geirsson

## **9. Kosning aganefndar og kjörnefndar**

Í aganefnd voru kjörin:

Sigurður Geirsson

Guðrún Leósdóttir

Elín Rósa Guðmundsdóttir

Varamenn:

Björn Óskar Guðjónsson

Gunnlaugur Júlíusson

Kjörnefnd var kjörin óbreytt, en hún er þannig skipuð:

Guðrún Leósdóttir

Óskar Sæmann

Þorvaldur Borgar Hauksson

## 10. Önnur mál

Kári Tryggvason þakkaði fyrir traustið til sín og stjórnar og lýsti tilhlökkun til komandi árs.

Gunnlaugur Sighvatsson spurði hvort til stæði að takmarka útleigu vallarins til fyrirtækjamóta og um áform varðandi fjölgun félagsmanna og hvort áform séu til þess að breyta markmiði um 1400 félagsmenn.

Sólveig Bachmann tók undir að Hlíðavöllur væri mikið lokaður vegna mótahalds. Völlurinn hefði verið lokaður í 12 daga vegna móta á vegum GSÍ og auk meistaramóts og fyrirtækjamóta. Þá var spurt um stefnumótun.

Ágúst Jensson lýsti því að stjórnin hefði sóst eftir því að fá að halda mót á vegum GSÍ. Kylfingar okkar fengju hæg. Boðsmót verða færri til framtíðar og þeim stýrt inn á morgna og miðað að því að þeim verði lokið fyrir 14 á daginn. Áfram verði varið varlega í að fjölga félagsmönnum.

Spurt var um tillögur frá Tom McKenzie um breytingar í Bakkakoti, og kom fram að ekki hafi verið tekin ákvörðun um þær.

Guðgeir Eyjólfsson spurði um vetrarstarf. Framkvæmdastjóri svaraði að sumargolfvelli hafi verið lokað fyrir skemmstu. Vetrarvöllur væri tilbúinn og vetrarstarf færi af stað fljótlega, með púttkeppnum og laugadagsmótum.

Spurt var hvort hætt hefði verið við áform um að stækka Bakkakot. Ekki liggur fyrir land undir slíkar breytingar.

Í lok fundar voru veitt verðlaun fyrir félagsmann ársins. Að þessu sinni voru þrír félagsmenn valdir, þeir Valur Oddsson, Sæmundur Pétursson og Sigurberg Árnason, sem unnu ófá handtök í sjálfboðavinnu við smíðar.

Þá voru veitt verðlaun fyrir kylfinga ársins 2021. Kylfingar ársins voru valin þau Sverrir Haraldsson og Kristín Sól Guðmundsdóttir.

Hlín þakkaði Davíð Gunnlaugssyni og hans starfsliði fyrir grettistak

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og sleit fundi kl. 21:45.

Gunnar Jónatansson  
fundarstjóri

Tómas Sigurðsson  
fundarritari